

Re: Æfingapörf vetur 2026-2027

Til : Dagný Finnbjörnsdóttir <dagnyf@isafjordur.is>
Frá : Vigdís Halldórsdóttir <vigdis@hordurhand.is>
CC : barna unglingarad <bur@hordurhand.is>
Heiti : Re: Æfingapörf vetur 2026-2027
Málsnúmer : 2026030291
Málsaðili : Héraðssamband Vestfirðinga
Skráð dags : 25.04.2026 13:40:27
Höfundur : Vigdís Halldórsdóttir <vigdis@hordurhand.is>

Viðhengi [image.png](#)[image.png](#)
[image001.png](#)[image001.png](#)

Til íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Ísafjarðarbæjar,

Hér með sækir handboltadeild Knattspyrnufélags Harðar um úthlutun æfingatíma fyrir komandi tímabil í samræmi við reglur Ísafjarðarbæjar.

1. Starfsemi og flokkar

Handboltadeildin rekur öflugt barna-, unglinga- og meistaraflokksstarf með eftirfarandi flokkum:

8 flokkur (stelpur og strákar)

7 flokkur (stelpur og strákar)

6 flokkur (stelpur og strákar)

5 flokkur karla

5 flokkur stúlkna

4 flokkur karla

4 flokkur stúlkna

3 flokkur

U-lið

Meistaraflokkur

Áætlaður iðkendafjöldi er 120–150 iðkendur og fer vaxandi.

2. Ósk um æfingatíma samkvæmt viðmiðum

Með hliðsjón af viðmiðunartímum í fylgiskjali 2 óskum við eftir eftirfarandi lágmarksæfingamagni:

8 flokkur kk og kvk: 1 æfing á viku á Austurvegi

7 flokkur kk og kvk: 2 æfingar á viku

6 flokkur kk og kvk: 3 æfingar á viku

5 flokkur kk: 4 æfingar á viku

5 flokkur kvk: 4 æfingar á viku

4 flokkur kk: 4 æfingar á viku

4 flokkur kvk: 4 æfingar á viku

3 flokkur: 6 æfingar á viku

U-lið: 2 æfingar á viku

Meistaraflokkur: 7 æfingar á viku

Sérstakar óskir um aukið æfingamagn:

- Meistaraflokkur þarf að lágmarki **6 æfingar á viku á Torfnesi**
3. flokkur þarf að lágmarki **5 æfingar á viku á Torfnesi**

3. Aðstöðumál og Torfnes

Nauðsynlegt er að taka fram að eftirfarandi flokkar geta **eingöngu æft í Íþróttahúsinu á Torfnesi og þurfa heilan völl til æfinga, enda fleiri en 15 í þessum flokkum:**

3 flokkur

4 flokkur

U-lið

Meistaraflokkur

Ástæður:

- Aðrir salir eru ekki nægilega stórir fyrir handbolta á þessu stigi
- Notkun á harpix er óheimil í Bolungarvík

Því er algjör forsenda fyrir starfsemi þessara flokka að fá nægjanlegt magn tíma í Torfnesi, þar sem harpix er nauðsynlegt í þessum flokkum.

4. Tímasetningar æfinga

Við ítrekum mikilvægi þess að æfingatímar fyrir þessa flokka séu **ekki fyrir kl. 16:00** þar sem iðkendur eru í skóla á þeim tíma.

Reynsla síðasta vetrar sýnir að:

- Æfingar sem voru fyrir kl. 16 nýttust illa þar sem fáir aldurshópar eru búnir í skólanum
- Í sumum tilvikum þurfti að fella niður æfingar heilt yfir þar sem iðkendur voru enn í skóla

Það er því nauðsynlegt að æfingar fyrir skólabörn fari fram eftir skólatíma.

5. Vöxtur og framtíðarsýn

Handboltadeild Harðar er í miklum vexti.

- Nýr flokkur var stofnaður síðasta vetur
- Áhugi barna hefur aukist verulega, m.a. vegna árangurs Íslands í Malmö og meistaraflokks Harðar síðastliðinn vetur.

Nýr yfirþjálfari tók til starfa í fyrra og tók þennan vetur í að kynna starfinu og Ísafirði, en sér fyrir sér að kynna betur

Til þess að:

- halda áfram að byggja upp starfið
- taka á móti fleiri iðkendum
- styrkja uppeldis- og afreksstarf

þarf deildin að hafa **svigrúm til vaxtar í æfingatímum**.

6. Áskoranir í skipulagi

Til að tryggja að allir flokkar fái ásættanlegan fjölda æfinga þarf oft að skipta sal niður. Það hefur í för með sér:

- Þörf fyrir fleiri þjálfara
- Aukinn kostnað fyrir félagið

7. Samantekt

Handboltadeild Harðar óskar eftir:

- Hámarks mögulegum æfingatímum samkvæmt reglum
- Forgangi í Torfnesi fyrir eldri flokka
- Æfingatímum eftir skólatíma hjá börnunum
- Sveigjanleika til áframhaldandi uppbyggingar og vaxtar

Handboltadeild Harðar óskar eftir sanngjarnri og faglegri úthlutun æfingatíma, byggðri á þörfum starfseminnar og það sé tekið tilið til þess að Torfnes sé eini völlurinn þar sem harpix er leyfilegt.

Við leggjum sérstaka áherslu á að úthlutun byggist á málefnalegum forsendum og að persónulegar skoðanir eða viðhorf starfsmanna gagnvart sjálfboðaliðum félagsins hafi ekki áhrif á niðurstöðu úthlutunar.

Við erum reiðubúin til frekara samtals og aðlögunar til að tryggja sem besta nýtingu mannvirkja.

Jafnframt óskum við eftir að bur@hordurhand.is sé bætt á póstlista félaganna.

Virðingarfyllst,

Handboltadeild Knattspyrnufélags Harðar

On Mon, Apr 20, 2026 at 10:03?AM Dagný Finnbjörnsdóttir <dagnyf@isafjordur.is> wrote:

Sæl öll, minni á að það þarf að senda mér póst vegna sumarúthlutunar og vetrarúthlutunar fyrir næsta vetur. Vegna kosninga gæti dregist fyrir nýja nefnd að gera æfingatöflu fyrir næsta vetur og því myndi núverandi nefnd vilja klára þetta fyrir kosningar.

Kveðja,

Dagný Finnbjörnsdóttir
Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi

Ísafjarðarbær
450 8000 - www.isafjordur.is

From: Dagný Finnbjörnsdóttir

Sent: miðvikudagur, 15. apríl 2026 09:22

To: Heiðrún Tryggvadóttir <heidruntryggvadottir@gmail.com>; Blakdeild Vestra <blakdeildvestra@gmail.com>; 'blakdeild@vestri.is' <blakdeild@vestri.is>; Vigdís Pála Halldórsdóttir <vigdis@hordurhand.is>; oskar@hordurhand.is; Finnur Magnússon <finnur.magg@gmail.com>; Ívar Pétursson <ivar@vestri.is>; Alexander Pétursson <zakkarias@icloud.com>

Subject: Æfingapörf vetur 2026-2027

Góðan daginn,ég óska eftir að fá frá ykkur æfingapörf fyrir veturinn 2026-2027. Skóla-, íþrótta- og tómstundanevnd fer yfir tímaþörfina og gefur út æfingatöflu íþróttamannvirkja og svæða fyrir veturinn, markmiðið er að gefa út töflu tímanlega og því mikilvægt að fá frá ykkur tímaþörf fyrir 24 apríl nk.

Ég hef fengið mjög fá svör vegna sumaræfinga, bið ykkur um að senda mér það sem allra fyrst.

Bestu kveðjur,

Dagný Finnbjörnsdóttir

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi

Ísafjarðarbær

450 8000 - www.isafjordur.is